

Hæstaréttardómur.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXIII. árgangur.

2. hefti.

1982

Laugardaginn 22. maí 1982.

Nr. 118/1982. **Klara Hilmarsdóttir**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

borgarstjórn Reykjavíkur

(Jón G. Tómasson hrl.).

Kosningarréttur. Lögheimili.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómurarnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thorodd-
sen og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1982. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt skylt að taka nafna áfrýjanda á kjörskrá þá í Reykjavík, sem gildir við borgarstjórnarkosningar, er fram fara í dag.

Stefndi hefur lýst yfir, að hann hreyfi engum andmælum gegn kröfum áfrýjanda.

Áfrýjandi er eiginkona starfsmanns alþjóðastofnunar, sem fellur undir 10. gr. laga nr. 35/1960, sbr. 1. gr. laga nr. 42/1966. Í hæstaréttarmálinu nr. 117/1982 er dæmt, að eiginmaður áfrýjanda eigi lögheimili hér á landi, og á hún það þá einnig, sbr. 7. gr. laga nr. 35/1960. Ber því að taka til greina kröfu áfrýjanda í máli þessu.

D ó m s o r ð:

Stefndi, borgarstjórn Reykjavíkur, ber að taka nafn áfrýjanda, Klöru Hilmarsdóttur, á kjörskrá þá, sem gildir við borgarstjórnarkosningar í Reykjavík 22. maí 1982.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. maí 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var nú í dag, hefur Klara Hilmarsdóttir, sögð með lögheimili að Drápuhlíð 47, Reykjavík, fædd 5. nóvember 1948, nnr. 5625-9082, höfðað gegn borgarstjórn Reykjavíkur til þess að fá viðurkenndan rétt sinn til að vera á kjörskrá í Reykjavík við komandi borgarstjórnarkosningar 22. maí nk.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo í stefnu:

„Málavextir eru þeir, að við samningu kjörskrár fyrir Reykjavík hefur nafn stefnanda fallið niður, þar sem hann er í þjóðskrá talinn búsettur í Belgíu.

Stefnandi hefur frá því snemma í haust dvalið í Brüssel vegna starfa maka á vegum NATO (Róbert Trausti Árnason nnr. 7352-2382), og samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 35/1960 um lögheimili á hann skýlausan rétt á að vera hér á kjörskrá, sbr. meðfylgjandi vottorð utanríkisráðuneytisins á dskj. nr. 3, ljósrit.

Áður en maki stefnanda tók til starfa í Brüssel, var hann við nám í Kanada, og mun það vera ástæða þess, að hann féll af þjóðskrá sem búsettur erlendis. Hann uppfyllir öll skilyrði laga fyrir kosningarrétti, þ. m. t. að eiga lögheimili hér á landi.

Stefnandi lagði ekki fram kæru vegna kjörskrár fyrir borgarstjórn Reykjavíkur innan kærufrests, og er ástæðan sú, að stefnandi var erlendis, er kjörskráin lá frammi fyrir kærufrest, og er mál þetta höfðað með stoð í 24. gr. laga nr. 52/1959, sbr. 1. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar.“

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og málatilbúnaði stefnanda eigi mótmælt.

Af hálfu stefnanda hefur verið lagt fram vottorð utanríkisráðuneytisins, dags. 18. maí, um, að eiginmaður stefnanda sé starfsmaður Atlantshafsbandalagsins í Brüssel. Þá hefur og af hálfu stefnanda verið lagt fram vottorð Hagstofu Íslands, dags. 20. maí 1982, um, að hún hafi átt lögheimili í Belgíu 1. desember 1981, en áður að Drápuhlíð 47, Reykjavík, og enn fremur skrifleg sókn í málinu, þar sem er að finna túlkun lögmanns stefnanda á ákvæðum 10. gr. laga nr. 35/1960.

Álit dómsins.

Framangreint vottorð Hagstofu Íslands sýnir, að stefnandi hefur flutt lögheimili sitt frá Drápuhlíð 47, Reykjavík, til Belgíu, en lögheimili hennar er skráð þar í landi 1. desember 1981, og ekki hefur öðru verið haldið fram en svo sé enn.

Kveðið er á um í 2. mgr. 10. gr. laga nr. 35/1960, að íslenskir

ríkisborgarar, sem eru starfsmenn alþjóðastofnana, sem Ísland er aðili að, skuli eiga lögheimili á Íslandi og þá væntanlega einnig makar þeirra skv. 7. gr. sömu laga, en Atlantshafsbandalagið, sem maki stefnanda starfar hjá, þykir verða að skoða sem alþjóðastofnun í skilningi þessa lagaákvæðis. Stefnandi hefur engu að síður flutt lögheimili sitt af landi brott og á það nú í Belgíu. Niðurstaða dómsins er því sú, að stefnandi fullnægi ekki kosningarréttarskilyrði því, sem kveðið er á um í d lið 1. mgr. 18. gr. laga nr. 58/1961, og enda þótt kröfu hennar hafi eigi verið mót-mælt af hálfu stefnda, verður hún ekki tekin til greina.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórn Reykjavíkur, skal vera sýkn af kröfu stefnanda, Klöru Hilmarsdóttur, í máli þessu.

Þriðjudaginn 25. maí 1982.

Nr. 8/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Jóni Viðari Ágústssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Ómerking. Skjalafals. Þjófnaður. Bifreiðar.

Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Með stefnu 29. desember 1981 áfrýjaði ríkissaksóknari að ósk ákærða dómi sakadóms Sauðárkróks 19. maí 1980. Var málinu áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingar. Ágrip barst Hæstarétti 31. mars 1982. Þetta mál var höfðað